

**LÖG**  
**um breytingu á lögum um háskóla og lögum um opinbera háskóla**  
**(inntökuskilyrði).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breyting á lögum um háskóla, nr. 63/2006.**

1. gr.

Í stað orðanna „jafngildu prófi“ í 1. másl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: staðist lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfniprepi.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „öðru jafngildu prófi“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: staðist lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfniprepi.
- b. A-liður 3. mgr. orðast svo: kröfur um efni lokaprófs frá framhaldsskóla á 3. hæfniprepi auk viðbótarkrafna, þegar við á, um undirbúning fyrir einstakar námsleiðir í grunnnámi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. maí 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

---

*Lilja D. Alfreðsdóttir.*